
LISTIR

Konunglegt hrafnaspark

HAFI menn haldið það einfalt mál að grúska í gömlum bréfum, ættu þeir að líta betur á þetta bréf, sem sérfræðingar breska landsbókasafnsins hyggjast komast til botns í. Það var Karlotta prinsessa, sem uppi var á fyrri hluta síðustu aldar, sem skrifaði það til vinkonu sinnar og til þess að nýta plássið sem best, er það skrifað lóðrétt og lárétt, rétt eins og krossgáta. Keypti landsbókasafnið það á uppboði fyrir 60 milljónir ísl. kr.

Karlotta var dóttir Georgs IV og hinnar alræmdu Karólínu af Brúnsvík. Bréfið er eitt fjölmargra sem fóru henni og vísigreifadóttur á milli og er hið fyrsta skrifað árið 1816.

Ástæðan fyrir því hvernig bréfið er skrifað er sú að á þessum tíma var borgað undir bréf



eftir þyngd og var þessi aðferð alvanaleg. Hins vegar var óvanalegt að kóngafólk beitti henni enda ekki í fjárhagskröggum.

Ákaflega erfitt er að lesa slík bréf og ekki bætir úr skák að prinsessan þykir hafa haft einkar ljóta og illlæsilega rithönd.

Tímarit

● ÚT er komið tímaritið ***Bjartur og frú Emilía*** fyrsta tölublað ársins 1996 og er það að þessu sinni tileinkað himnaríki.

Í kynningu segir: „Að baki tímaritsheftinu liggur, aldrei þessu vant, vísir að hugsun. Undir helgum ljóma sem stafaði frá blárri himinhvelfingunni — sem er hvergi tærari en hér yfir höfðum ritnefndar — kviknaði sú hugmynd að ekki væri úr vegi að fá tólf lærisveina til að leggja út af heilögum orðum. Guðspjall Jóhannesar var skrifað upp, orð fyrir orð, og þannig varð til sá orðalisti sem liggur til grundvallar þeirri orðabók sem birtist í tímaritinu. Fyrir skáldin tólf var síðan lagt það háleita verkefni að útskýra tíu til tuttugu orð úr orðasafninu — allt eftir því hvernig á þeim lá. Á flestum lá vel og því voru yfirleitt valin um það bil fimmtán orð. Skáldin tólf eru: Ásta Ólafsdóttir, Bragi Ólafsson, Dagur Kári Pétursson, Gerður Kristný, Haraldur Jónsson, Huldar Breiðfjörð, Illugi Jökulsson, Jón Hallur Stefánsson, Jón Kalman Stefánsson, Pétur Gunnarsson, Þórunn Valdimarsdóttir og að auki var eitt skáldið, Kristín Arngrímsdóttir, fengið til að teikna þrjátíu myndir úr himnaríki svo lyfta mætti lesendum upp í enn hærri hæðir."

Bjartur og frú Emilía er gefið út af bókaforlaginu Bjarti og leikhúsinu Frú Emilíu. Prentun og bókband var unnið hjá Gutenberg. Tímaritið kemur út fjórum sinnum á ári og er áskriftargjald 1996 krónur fyrir árið 1996 og hækkar um eina krónu ár hvert. Tímaritið fæst einnig í bókaverslunum Máls og menningar og Eymundsson.

Nýjar bækur

● FERTUGASTI og fyrsti árgangur þýska bókmenntatímaritsins ***die horen*** er kominn út.

Tölublaðið flytur ljóð átta íslenskra skálda. Þau eru: ***Snorri Hjartarson, Baldur Óskarsson, Thor Vilhjálmsson, Steinunn Sigurðardóttir, Sjón, Linda Vilhjálmsdóttir, Ingibjörg Haraldsdóttir*** og ***Gyrðir Elíasson.***

Ljóð sumra þessara skálda hafa áður birst í ***die horen*** og ljóð annarra skálda t.a.m. ***Guðbergs Bergssonar, Einars Braga, Hannesar Pétursson*** og fleiri.

MYNDLIST

Kjarvalsstaðir

INNSETNINGAR – ÍSLENZK NÁTTÚRUSÝN

Opið daglega frá kl. 10–18. til 31 ágúst. Aðgangur 150 krónur. Sýningarskrá 1.250 krónur.


„Íslenzk náttúrusýn"

Á FÁUM árum hefur orðið mikil viðhorfsbreyting í íslenzkri myndlist, sem kemur helzt fram í því, að núlistamenn eru í auknum mæli farnir að sækja sér viðfangsefni til íslenzkrar náttúru. Ekki svo að þeir hafi með öllu glatað tengslum við hana, heldur vinna nú á þann veg að byggja mun meira á beinum lifunum og vísunum til umhverfisins og staðbundinna áhrifa, í stað þess að koma með ný sannindi og trúboð að utan.

Slíkt var meira en réttlætanlegt þegar allt var nýtt eftir heimsstyrjöldina síðari og menn voru að stokka upp hlutina, eftir langa einangrun frá umheiminum, en þessi eilífðaruppstokkun án kjölfestu telst gengin sér til húðar.

Afturhvarf til náttúrunnar og uppgötvun þess sem menn hafa í beinu sjónmáli, ásamt efniviðinum sem þeir hafa hverju sinni á milli handanna, þarf á engan hátt að rýra frumleika sköpunarferlisins. Vert að vísa hér endurtekið til þess, að meðal svonefndra forystuþjóða er lögð megináhersla á sterk staðbundin einkenni og þeim haldið einarðlega fram. Þetta á við á öllum sviðum lista en getur einnig farið í þeim mæli út í öfgar að menn eru ekki lengur með á nótunum. Áhuginn á því sem er öðruvísi og frábrugðið því sem haldið er að fólki verður stöðugt meiri í harðsoðnum, skrumkenndum og viðsjárverðum heimi og er andsvar við múgmennsku og stöðlun. Fólk leitar til hins jarðbundna og hafnar minnismerkjum um fyrsta skókassann, fyrsta pappakassann og fyrstu niðursuðudósina til hags fyrir fjölþættari, lífrænni og fagurfræðilegri lifun í umhverfi sínu.

Það telst þannig alveg rétt sem hin óviðjafnlega Björk sagði í viðtali á dögunum, „að það vitlausasta sem íslenzk hljómsveit gæti gert til að ná athygli erlendis væri að hljóma eins og ensk hljómsveit". Þetta hefur nú verið kjarninn í málflutningi mínum hvað sjónlistir áhrærir um langt árabil og sömuleiðis grunnurinn í öllum kennsluaðferðum mínum frá upphafi. Er sannfærður um að við erum ekki einungis ein auðugasta þjóð Evrópu af náttúrugæðum og mannviti,



ÓLAFUR Elíasson, Án titils, durclear litprent, 1994.

heldur sé landið óþrjótandi náma viðfangsefna fyrir hugmyndaríka núlistamenn.

Undarlegt hefur mér þótt það ofurkapp sem menn hafa lagt á að líkja sem mest eftir öðrum þjóðum og samræma íslenzka hugsun alfarið fjölþjóðlegum straumum. Miða listrænt uppeldi við útlenzka stöðlun, sem átt hefur þátt í stærstu sprengingu og mesta ruglingi sem um getur á listamarkaði, samdrætti og gjaldþrotum rótgróinna listhúsa víða um heim. Tilbúnum listspírum og sýningaflóði þar sem svo til ekkert selst, en kenningasmiðir og sýningarstjórar lifa góðu lífi, ásamt því að örfáir list- og peningamógúlar kasta á milli sín fjöreggi listarinnar austan hafs og vestan.

Fyrir hinar stóru þjóðir með heimsmarkaðinn á milli handanna er viðhorf þeirra sjálfkrafa alþjóðamál listarinnar, og þeir hafna öllu öðru nema þeir sjái sér hag af því. Þeir vernda og einoka markaðinn svo algjörlega, að fyrir hina beztu listamenn utan hans er það sem að reka hausinn í vegg að reyna að koma undir sig fótunum. Lærdómsrík er í þessu samhengi sýning á list frumbyggja Ástralíu, Aboriginal Art, sem farið hefur sigurför um heiminn á undanförnum árum, og hresst hefur upp á fjárhag margra safna og er ferskari, upprunalegri og nútímalegri flestu nútímalegu. Á að vera smærri þjóðareiningum meiri fyrirmynd en hitt að hverfa inn í fjölþjóðlegan staðal þar sem allir eru eins, og menn uppskera í



SVAVAR Guðnason, Dans selameyjanna, olía á striga, 1942–44.

hæsta lagi ferðalag á staðinn og klapp á öxlina ...

– Í ljósi þessa alls er ástæða til að fagna sýningu á Listahátíð, sem hefur með íslenzka náttúrusýn að gera sem meginviðfangsefni, því hvernig sem á málið er litið er grunnurinn réttlegur fundinn. Minna máli skiptir þótt fyrirkomulag sýningarinnar orki stundum tvímælis og missi þá marks vegna þess kapps sem lagt er á að tengja íslenzkan vettvang umheiminum, án landamæra, og sækir skyldleika til framkvæmda eins og Artgenda, og Container 96 í Menningarborginni, og NowHere í Louisiana, Humlebæk. Einnig í þrengri merkingu „Manifesta 1", gegnt og í hinu mikla safni Boijmans van Beuningen í Rotterdam, sem á að túlka list sameinaðrar Evrópu, einnig án landamæra.

Að Kjarvalsstöðum er innsetning í rými á fullu, sem menn verða strax varir við í tengibyggingunni, þar sem Vatnshóla- og þúfuverk Finnu B. Steinsen minnir enn einu sinni á sig. Og hafi þúfuverkið, eða náttúrubobbingarnir, notið sín frábærlega í Ásmundarsafni, virkar það nú ákaflega staðlað og umkomulaust á hinum gráu og ólífrænu steinhellum. Vart gerir það verkið forvitnilegra, en ótæpilegt er kappið að halda því fram í ljósi þess að sýningunni í Ásmundarsafni lauk rétt fyrir listahátíð.

Mun ferskari lifun mætir gestinum í Vestri sal þar sem logsuðugjörningi Halldórs Ásgeirssonar er telft á móti alþekktum hraunmyndum Kjarvals. Vinnsluferli Halldórs er ákafleg hreint og fínt og drjúg sjónræn lifun, en hins vegar tel ég að innsetningin hefði orðið sterkari og samræmdari með hinum hreinu eintóna og dökku doppumyndum meistarans.

Nokkrum vonbrigðum veldur innsetning Ólafs Elíassonar, sem getur verið vegna mistaka í uppsetningu. Í öllu falli er verkið mun áhugaverðara á ljósmyndinni á póstkortinu stóra er fylgir sýningarskrá.

Mörgum mun finnast samspil málverka Kristjáns Davíðssonar og og varða Jóhanns Eyfells í miðrýminu hápunktur sýningarinnar og það má vera alveg ljóst að þessar gömlu kempur búa yfir mesta og ferskasta slagkraftinum, og það sem meira er, auðga og magna hvor annan upp.

Ókostir hins opna ósveigjanlega og staða rýmis koma óþægilega vel fram í enda salarins, þar sem teflt er saman myndverkum þeirra Georgs Guðna og Kristjáns Steingríms, og þótt þetta séu í báðum tilvikum mjög eftirtektarverð verk njóta þau sín engan veginn, skortir alla nálgun. Sömu örlög hljóta verk Kristins E. Hrafnssonar í ganginum, sem að auk hverfa inn í grámuskulega steinsteypuna. Skoðandinn tekur við sér er hann nálgast málverk Eggerts Péturssonar, og þótt þau njóti sín engan veginn á staðnum búa þau sjálf yfir þeirri mögnuðu nálgun, sem hrátt rýmið skortir svo átakanlega.

Grípum við svo til samanburðarfræði gætum við rétt ímyndað okkur hve verk Birgis Andréssonar innst í eystri gangi nytu sín betur í Sjónarhóli og hinni fersku og lífrænu birtu þar, í stað þess að hin gráu flögg eins og samsamast þessu dapurlegasta horni húsakynnanna.

Vel er tekið á móti gestinum í Austursal þar sem við blasa ákaflega stílhrein verk Sigurðar Guðmundssonar, „Landslag sól og Landslag nótt", sem eru tvímælalaust ótvíræðasta innleggið í salnum. Hins vegar nær gesturinn naumast jafn nánu sambandi við verk Hreins Friðfinnssonar, sem eru hálf umkomulaus í hinu yfirþyrmandi rými. Nafnkenndar og magnaðar myndir Svavars Guðnasonar kveikja ekki á sama hátt í gestinum og oft áður, og einhvern veginn verða styttur Ásmundar hálf vandræðalegur mótpóll. Andstæðurnar eru miklar í myndum Kristjáns Guðmundssonar og Þórarins B. Þorlákssonar, en ekki skil ég meininguna á bak við, auk þess sem lýsingunni á myndum Þórarins er stórlega ábótavant. Innst er svo ferskum og kraftmiklum myndum Nínu Tryggvadóttur telft á móti máluðu landslagi Hrafnkels Sigurðssonar. Hér er litasamræmið í bezta lagi og verkin vinna vel saman, þrátt fyrir að málað grjótið virki eins og brjóstsykur við hlið eðalsteina, en á mót kemur að litir Nínu eru mjög hráir.

– Í ljósi þess, að þetta er jafnt sumarsýning sem framlag Kjarvalsstaða til Listahátíðar og stendur til 31. ágúst, skortir framkvæmdina nokkuð á fjölbreytni og slagkraft meður því að hér er fullmikið af ný- og margsýndum hlutum. Gefin hefur verið út snotur mappa með póstkortum og lítilli en vel hannaðri sýningarskrá og fylgja henni stór póstkort í lit af einu verki hvers sýnenda. Litgreiningin á kortunum hefur ekki tekizt sem skyldi og í sumum tilvikum er hún afleit. Gunnar Kvaran skrifar stuttan inngang og alhæfir fullmikið skoðanir sínar, en rýmisins vegna verður að bíða betri tíma að rýna í þær.

Bragi Ásgeirsson